

Nd.

881. Frumvarp til laga

[310. mál]

um grænfóðurverksmiðjur.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að beita sér fyrir stofnun hlutafélaga um eignaraðild og rekstur þeirra grænfóðurverksmiðja, sem nú eru í eigu ríkissjóðs.

Til samvinnu um stofnun hlutafélaga samkvæmt 1. mgr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja innlenda aðila, sem áhuga hafa á málinu.

2. gr.

Ríkissjóði er heimilt að eiga aðild að stofnun hlutafélaga um eignaraðild og rekstur nýrra grænfóðurverksmiðja.

Áður en staðarval nýrrar verksmiðju er ákveðið, skal umsögn Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda liggja fyrir.

Ríkisstjórninni skal heimilt að greiða stofnfjárframlög til grænfóðurverksmiðja. Stofnfjárframlög mega að hámarki vera $\frac{1}{3}$ hluti áætlaðs stofnkostnaðar.

Framlög ríkissjóðs skulu vera ákveðin í fjárlögum.

3. gr.

Heimilt er að selja grænfóðurverksmiðjur í ríkiseign á leigu, til allt að 4ra ára í senn.

4. gr.

Meðan eignaraðild að grænfóðurverksmiðjum er alfarið á hendi ríkissjóðs, skal stjórn fimm manna fara með málefni þeirra. Landbúnaðarráðherra skipar þrjá stjórnarmenn og skal einn þeirra vera formaður stjórnar. Fjármálaráðherra skipar tvo stjórnarmenn. Stjórnin skal skipuð til 4ra ára í senn.

5. gr.

Stjórnin ræður verksmiðjustjóra fyrir hverja verksmiðju sem annast daglega stjórn hennar.

6. gr.

Ríkisendurskoðun endurskoðar reikninga þeirra verksmiðja, sem eru að öllu leyti eign ríkissjóðs.

7. gr.

Stjórn grænifóðurverksmiðjanna ákveður verð á framleiðsluvörum þeirra, svo og söluskilmála, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið. Verðið skal miðað við, að reksturinn standi undir öllum kostnaði, þ. á m. vöxtum og afskriftum af fjármagnskostnaði.

8. gr.

Með lögum þessum fellur úr gildi 4. tl. 28. gr. og 55.—60. gr. 10. kafla laga nr. 45/1971, svo og önnur lagaákvæði, er fara kunna í bága við lög þessi.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hér á landi eru starfræktar 5 grænifóðurverksmiðjur, að Gunnarsholti á Rangárvöllum, á Stólólfsvelli, að Flatey á Mýrum, í Dalasýslu og á Brautarholti á Kjalarnesi.

Verksmiðjan í Brautarholti er í einkaeign, hinar eru í eigu ríkissjóðs.

Mikill áhugi hefur verið fyrir því á undanförunum árum að efla innlendan fóduriðnað.

Sýnt hefur verið fram á, að innlendar grænifóðurverksmiðjur, geti framleitt úr innlendum hráefnum fóður, sem hefur fódurgildi á við innflutt kjarnfóður.

Árlegt magn af innfluttu kjarnfóðri undanfarin ár er 60—70 þús. tonn. Hámarksframleiðslugeta núverandi grænifóðurverksmiðja er 12 000 tn.

Öll rök hníga að því að stuðla beri að sem mestri innlendri fóðuröflun og draga að sama skapi úr magni aðflutts fódurs.

Til þess þarf að tryggja rekstraráðstöðu grænifóðurverksmiðja.

Undanfarin ár hefur engin verksmiðja í einkaeign eða eign félagssamtaka verið reist og sem stendur er ekki vitað til að áform sé um byggingu slíkrar verksmiðju.

Hinsvegar er sótt um byggingu nýrra verksmiðja í ríkiseign.

Telja verður eftirsóknarvert að einstaklingar og félagssamtök eigi aðild að rekstri grænifóðurverksmiðja og að ríkissjóður taki því aðeins þátt í byggingu þeirra og rekstri að það sé í samvinnu við fleiri, sem hafa hagsmuna að gæta af slíkum rekstri.

Þessvegna er frumvarp þetta flutt.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilað að stofna hlutafélög um þær verksmiðjur, sem ríkissjóður á nú og rekur.

Um 2. gr.

Ríkissjóði er samkvæmt greininni því aðeins heimilt að eiga aðild að nýjum verksmiðjum að stofnast hafi til samtaka um slíkan rekstur við einstaklinga og/eða félagssamtök, sem öðlast réttindi og bera skyldur á móti ríkissjóði.

Um 3. gr.

Greinin er nýmæli.

Um 4. gr.

Fimm manna stjórn er ætlað að fara með málefni grænófóðurverksmiðja í ríkiseign í stað þess að hafa stjórn fyrir hverja verksmiðju, eins og nú er.

Fóðuriðnaðarnefnd, sem rannsakaði framtíðarmöguleika íslensks fóðuriðnaðar gerði tillögu um eina stjórn yfir öllum ríkisverksmiðjum, skyldi hún skipuð þremur mönnum.

Um 5.—8. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.